

14. nóvember 2012

Í framhaldi af fundi velferðarnefndar Alþingis mánudaginn 12/11 kl. 11 – 12 þar sem rætt var um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun, vil ég koma eftirfarandi á framfæri.

Eins og kom fram á fundinum er þjónusta við þennan hóp mjög ábótavant.

- Það vantar talmeinafræðinga víða, bæði til að greina vandann og ekki síður til að meðhöndla. Greining er þó víða í betri farvegi en meðferðin og vantar tilfinnanlega ráðgjafar- og meðferðarúrræði.
- Talmeinafræðingar eru fáir og hafa hingað til frekar viljað vera með sjálfstæðan rekstur á stofum en að ráða sig á stofnanir. Það er þó von um betri tíð þar sem talmeinafræðingum er að fjölga.
- Grunnskólabörn eru víða ekki tekin til meðferðar hjá talmeinafræðingum því þeim er neitað um þá þjónustu á stofu. Er vísað til ábyrgðar sveitafélaganna (skóla/sérfræðiþjónustu skóla).
- Talmeinafræðingar ættu að vera sjálfsagður hluti af öllum greiningar- og meðferðarteymum á hvaða stigi sem er og alls staðar á landinu.
- Meðferð er árangursríkust þegar hún er innan leikskóla- og skólakerfisins og ættu talmeinafræðingar því að vera starfsmenn leikskólanna, skólanna og/eða sérfræðiþjónustu skóla. Ekki er ásættanlegt að foreldrar þurfi að sækja jafn sjálfsagða þjónustu til sjálfstætt starfandi sérfræðinga með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn.
- Lög um leikskóla eru skýr: „*börn sem þurfa sérstaka þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu í samráði við foreldra*“.
- Lög grunnskóla eru einnig skýr: „*sveitafélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla*“.
- Benda má á þörf á sérfræðiþjónustu innan framhaldsskóla, meðal annars aðkomu talmeinafræðinga.
- Þó fleira en eitt ráðuneyti og margar stofnanir komi að málefninu á það ekki að koma í veg fyrir að börn og ungmenni fái viðeigandi þjónustu. Börn eru ekki þrýstihópur en þau mega ekki verða bitbein þeirra sem stjórna fjármagninu. Stofnanir verða að geta unnið saman að lausn vandans.

Ýmislegt fleira kom fram á fundinum sem ég tek undir en tel óþarfi að rekja þar sem aðrir fundarmenn senda væntanlega inn sína greinargerð.

Með kveðju.

Fyrir hönd barnalækna.

Katrín Davíðsdóttir barnalæknir

Katrín Davíðsdóttir barnalæknir

Proska- og hegðunarstöð

Þönglabakki 1

109 Reykjavík

Sími: 5851350

e-mail: katrin.davidsdottir@heilsugaeslan.is